



Framkvæmda- fréttir 32. tbl. /06

Hægri beygjur stórra bíla og hjólreiðamenn

Danmörk er þekkt fyrir sína ágætu hjólreiðamenningu en á henni eru því miður líka svartar hliðar. Árið 2005 létust þar í umferðarslysum 41 hjólreiðamaður og 1.287 slösuðust. Þar af létust 11 og 27 slösuðust þegar vörubílar tóku hægri beygju í veg fyrir hjólreiðamenn.

Árið 2004 tók gildi ný reglugerð fyrir stóra bíla og þar er gerð var krafa um aukaspigil, svokallaðan blindpunktsspegil,

Framhald á bls. 2

Auglýsingar útboða

Útnesvegur (574), Háahraun - Saxhóll 06-030

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í að endurbyggja Útnesveg á 16,9 km kafla frá Háahrauni að Saxhóli. Um er að ræða 6,5 m breiðan veg með klæðningu.

Helstu magntölur eru:

Bergskering	20.000 m ³
Fylling og fláafleygar	116.000 m ³
Neðra burðarlag	46.000 m ³
Efra burðarlag	26.000 m ³
Klæðing	107.000 m ²
Frágangur fláa	192.000 m ²

Verki skal að fullu lokið fyrir 15. júlí 2009.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði, Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 4. desember 2006. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 19. desember 2006 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Framlengdur tilboðsfrestur

Vegna óska frá þjóðendum hefur verið ákveðið að lengja tilboðsfrest fyrir verkið: **Djúpvvegur (61), Reykjanes - Hörtná** um eina viku.

Tilboðum á þá að skila til Vegagerðinnar, Dagverðardal á Ísafirði eða Borgartúni 7 í Reykjavík fyrir kl. **14:00 þriðjudaginn 12. desember** og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Hjólreiðar að vetri til verða sífellt algengari. Á myndinni sést Ásbjörn Ólafsson verkfræðingur á þjónustudeild Vegagerðarinnar leggja af stað heimleiðis úr vinnunni. Hann skrifar hér pistil um hættur sem stöðja að hjólreiðamönnum í umferðinni.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 32. tbl. 14. árg. nr. 453 4. desember 2006

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík**
(bréfsími 522 1109)
eða **vai@vegag.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

Framhald af forsiðu

skv. hollenskri fyrirmynd. Þrátt fyrir það hefur þessum slysum ekki fækkað

Danir eru nú í herferð gegn þessum slysum og í ljósi reynslunnar hafa verið kynnt 6 góð ráð til bílstjóra og hjólreiðamanna.

Ráðin til bílstjóra eru eftirfarandi:


1. Stilltu speglana alltaf rétt
2. Líttu vandlega í allar áttir þegar þú nálgast vegamót, þegar þú ert kyrr og þegar þú beygir, þannig er hægt að komast hjá öllum óhöppunum
3. Hafðu fulla athygli á annarri umferð, bæði með því að vera frískur og úthvöldur, með því að tala ekki í síma, líta á kort eða annað.
4. Ef útsýni er takmarkað, stöðvaðu alveg, rétt áður en þú byrjar að beygja og líttu vandlega í kringum þig.
5. Notaðu alla speglana, framrúðuna og hliðarrúðurnar oft og færðu þig þegar þú lítur í speglana til að líta eftir blindum punktum.
6. Veittu hjólreiðamönnum sérstaklega athygli þar sem unnið er á vegum eða þar sem skilti eða annað gæti takmarkað útsýnið, dregið frá þér athygli eða gert beygjuna að öðru leyti erfiða.

Ráðin til hjólreiðamanna eru eftirfarandi:

1. Hafðu auga með vörubílum þegar þú nálgast vegamót eða bíður á vegamótum. Veittu einkum athygli vörubílum sem eru við hlið þér eða fyrir aftan þig.
2. Gættu þess að hættulegasta staðsetningin er við hægri framhorn vörubíla.
3. Vörubílnum ber skylda til að víkja en ekki treysta á að bílstjórinn hafi séð þig.
4. Gættu þess að vera ekki of nálægt vörubíl sem gæti verið að beygja. Vertu helst fyrir aftan vörubílinn.
5. Ekki hjóla of hratt, sérstaklega þegar þú nálgast og ferð yfir vegamót.
6. Leitastu við að geta heyrt og séð aðra umferð.

Á heimasíðu sænsku Vegagerðarinnar kemur fram að 20 þúsund hjólreiðamenn slasist á hverju ári og þar af þurfi 4000 að fara á spítala. Það er því ljóst að vandinn er ekki bara bundinn við Danmörku.

Tílefna þessara greinaskrifa er sú að nýverið er búið að taka í notkun hjólreiðastíg á Lönguhlíð sunnan Miklubrautar. Minnstu munaði að ég yrði undir bíl fyrir skemmstu á ljósunum við Miklubraut þegar ég var að hjóla norður yfir vegamótin. Ég var einmitt við hlið lítills sendibíls í áberandi gulu vesti og hélt að hann hefðu örugglega séð mig. Svo reyndist ekki vera en ég náði að stöðva í tæka tíð. *Ásbjörn Ólafsson*



Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 27. nóvember 2006. Búið er að sprengja 447 m í Siglufirði og 137 m í Ólafsfirði.

Skeiðarárhlaupið 1996

Lýsing Reynis Ragnarssonar lögreglumanns frá Vík í Mýrdal

Þann 7. nóvember síðastliðinn var haldið málþing á Hótel Skaftafelli í tilefni þess að 10 ár voru þá liðin frá Skeiðarárhlaupinu árið 1996. Eins og mörgum er í fersku minni þá byrjaði eldgos í Vatnajökli 29. september 1996 en hlaupið lét bíða eftir sér og það kom ekki fyrr en að morgni 5. nóvember. Reynir Ragnarsson, lögreglumaður frá Vík í Mýrdal, var einn þeirra sem voru við störf á sandinum haustið 1996. Síðari hluta október og allt fram að hlaupi var veginum lokað á nóttunni. Reynir sá meðal annars um að opna veginn að

Beðið eftir Skeiðarárhlaupi


Fæðingin hún fór af stað með feikna gufu mekki. En virðist eitthvað vera að því vatnið kemur ekki.

Á sængurvakt ég setið hef í sautján dimmar nætur. Í fræðingana fátt ég gef en finnst þó Tumi sætur.

Að loknu Skeiðarárhlaupi

Líkti mér við ljósmóður lífið atvik fléttar Ekki jók á minn hróður né yfirsetu stéttar.

Ljósmæður vart lenda' í því né leyfist þannig skissa. Legvatninu að liggja í og lífið næstum missa.



Reynir Ragnarsson fyrrverandi lögreglumaður í Vík í Mýrdal. Reynir var starfsmaður hjá Vegagerðinni í um 5 ár á yngri árum. Undir verkstjórn Brands Stefánssonar í Vík og í áhaldahúsinu í Borgartúni að vetrinum. Vann eftir það sem vélaverktaki í 18 ár, aðallega hjá Vegagerðinni, m.a. við veginn og garðana á Skeiðarársandi.

morgni. Þann morgun sem hlaupið hófst var Reynir búinn að opna veginn og er að drekka kaffi á Hótel Skaftafelli (austan Skeiðarársands) þegar hann fær boð frá sýslumanni um að hlaupið sé hafið og hann eigi að loka veginum (vestan Skeiðarársands).

Á málþinginu lýsti Reynir því í bundnu máli hvernig biðin var eftir hlaupinu dagana frá gosi og fram að hlaupi og hvernig honum leið að loknu hlaupi. Einnig lýsti hann ökuferðinni yfir sandinn þegar hann fór vestur yfir sand til að loka veginum eftir að hlaupið var hafið.

Til nánari skýringa á vísunum er rétt að geta þess að þegar Reynir biður Guð að bjarga sér „bara enn eitt skipti“ þá er ástæðan sú að Reynir hefur oft lent í lífsháska og Guð iðulega þurft að bjarga honum. Vegaskarðið sem Reynir talar um er skarð sem Vegagerðin gerði í veginn um 3 km vestan brúar yfir Skeiðará í þeim tilgangi að þar færi vatn í gegnum veginn sem kæmi niður farveg Sæluhúsavatns. Eðlilega óttaðist Reynir að fyrst vatn var byrjað að renna yfir veginn vestan Skeiðarár að þar væri einnig komið vatn.

Helgi Jóhannesson

Lögregluskýrsla vegna Skeiðarárhlaups 5. nóvember 1996

Veginn opna vestan sands virði veglestina. Ek í átt til Austurlands opna umferðina.

Í Skaftafell ég skutla mér þá skilaboð frá „sýsla“. Segir hlaupið hafið er og hér er ég að rísla.

Verð að komast vestur úr vegi til að loka. Verki mínu vil ég trúvartla má hér doka.

Veg-skilti þá síðast sérð sást við Skeiðarbrúna. Á því stóð „á fullri ferð í eilífðina núna?“

Yfir brúna á fullri ferð flóð að brúarbitum. Flaumur vestur fram sem sérð fnykur fyrir vitum.

Vörn er ennþá vegi í vatnar yfir veginn. Bíllinn fær sitt bað í því brúnni drullu þvegin.

Ekkert má af akstri slá eins og felmtri sleginn. Með rúðu pissi reyni' að sjá og rýni fram á veginn.

Brú að baki brotin er bæn í huga lyfti. Bið nú Guð að bjarga mér bara enn eitt skipti.


Líf mitt núna liggur við að löggubíllinn gangi. Dekkin virði veg-gripið á veginum ég hangi.

Verð að komast fyrir flóð fram að vegarskarði. Annars hér mín endar slóð og annarra að bragði.







Vegaskarðið virðist mér vera þurrt að kalla. Góður Guð ég þakka þér þessa vegferð alla.

Spennu-líf oft spáð er í spurt hvort ég það kjósi. En hvenær skyldi koma' að því að Katla gamla gjósi.

Reynir Ragnarsson.



Vegakerfið

-  Stofnvegir með bundnu slitlagi
-  Stofnvegir með malarslitlagi
-  Tengivegir með bundnu slitlagi
-  Tengivegir með malarslitlagi
-  Landsvegir með bundnu slitlagi
-  Landsvegir með malarslitlagi







Framkvæmdir 2006, kort 3

Vegarkaflarnir er unnið er við eru merktir inn í kortið og framkvæmdum lýst í stuttu máli. Stærstu viðhaldsverk eru merkt inn á kortið án texta. Fjárveitingar nýbygginga eru taldar upp í flestum tilfellum. Athugið að breytingar geta orðið á einstökum verkum.



AKRANES

Framkvæmdir

-  Nýbyggingar, bundið slitlag
-  Nýbyggingar, malarslitlag
-  Yfirlagnir, viðhald á slitlagi eða seinna lag klæðningar
-  Styrkingar eða festun burðarlags
-  Styrkingar á malarvegi
-  Viðhald á malarslitlagi

færsla Sæbrautar
Kar
ásamt lagningu K
og gerð hljóðva
Vegage
Reykjavíkurborg

Útbo
Verkl

SELTJARNAR

40 Hafnarfjarðarvegur —
göngubrú á Kópavogslæk
Vegagerðin í samvinnu við
Kópavogsbæ og Garðabæ
Fjárveiting:
2005: (Göngubrýr og
undirgöng) 20 m.kr.
Útboð í nóvember 2005
Verklök: 1. apríl 2006
Verktaki: Jarðvélar ehf.

HAFNARFJARÐAR

42 Krýsuvíkurvegur
Hringhella - Hamran
Nýbygging 1,5 km
Vegagerðin í samvinnu
við Hafnarfjarðarbæ
Fjárveiting:
2005: 26 m.
2006: 36 m.
2007: 55 m.
Útboð í október 2005
Verklök 1. júní 2006
Verktaki: Borgarvirki ehf.

45 Garðskagavegur
um Sandgerði
Lagfæring á 1,1 km
kafla í miðbæ Sandgerðis
Vegagerðin í samvinnu
við Sandgerðisbæ
Fjárveiting:
2006: 21 m.kr.
Útboð júlí 2006
Verklök: 1. desember 2006
Verktaki: Nesprýði ehf.

41 Reykjanesbraut
Strandarheiði - Njarðvík
Breikkun Reykjanesbrautar
12,3 km og bygging þrenna
mislægra gatnamóta
ásamt brú á Skógfellaveg
Fjárveitingar:
2005: 305 m.kr.
2006: 207 m.kr.
2007: 362 m.kr.
2008: 414 m.kr.
Útboð í nóvember 2005
Verklök: 1. júlí 2008
Verktaki: Jarðvélar ehf.

45 Garðskagavegur
um Ósabatna
Nýbygging: 5,4 km
án bundins slitlags
Fjárveiting:
2004: 15 m.kr.
2005: 10 m.kr.
Útboð í maí 2006
Verklök: 1. október 2006
Verktaki: Afrek ehf.

425 Nesvegur
Staður - Reykjanes
Endurbygging 8,9 km
Fjárveiting:
2005: 11 m.kr.
2006: 44 m.kr.
2008: 31 m.kr.
Útboð; nóvember 2005
Verklök;
1. september 2006.
Verktaki: Burkney ehf.



1: 250 000

5 0 5 10 15 20 km



41 Reykjanesbraut
Laugarnesvegur -
Sveinssvegur (1,2 km),
Lettagarða (0,4 km)
Vegagerðin við Kleppsveg
Veggerðin í samvinnu við
G og Faxaflóahafnir
Fjárveitingar:
2006: 184 m.kr.
2007: 93 m.kr.
Útboð í desember 2005
Verklök: 1. október 2006
Verktaki: Háfell ehf.

432 Hallsvegur
Fjallkonuvegur - Víkurvegur
Nýbygging 0,9 km
Vegagerðin í samvinnu við
Reykjavíkurborg
Fjárveitingar: **Esja**
2000 - 2002: 130 m.kr.
Útboð í september 2005
Verklök: 1. ágúst 2006
Verktaki: Háfell ehf.

1 Hringvegur
Ullarnesbrekka í Mosfellsbæ
Undirgöng
Vegagerðin í samvinnu
við Mosfellsbæ
Fjárveiting:
2006: (Göngubrýr og
undirgöng) 40 m.kr.
Útboð í maí 2006
Verklök: 15 ágúst 2006
Verktaki: Heimir og Þorgeir ehf.


1 Hringvegur
Mislæg gatnamót Hringvegur og Nesbrautar
ásamt lagfæringu í gjá við Bæjarháls
Fjárveitingar:
2007: 600 m.kr. 2008: 103 m.kr.
Útboð í mars 2006
Verklök: 1. nóvember 2006
Verktakar: Jarðvélar ehf, Eykt ehf.

1 Hringvegur
Stefnugreind gatnamót
við Hafravatsveg
Fjárveiting:
2006: (öryggissjóður)
35 m.kr.
Útboð í maí 2006
Verklök: 24. ágúst 2006
Verktaki: Heimir og
Þorgeir ehf.

41 Reykjanesbraut í Garðabæ
Breikkun Fífuhammsvegur - Kaplakriki, 4,2 km
Gerð undirganga og mismála gatnamóta við Urriðaholt
Vegagerðin í samvinnu við Garðabæ og Orkuveitu Reykjavíkur
Fjárveitingar:
2001 - 2003: 450 m.kr.
2004: 324 m.kr.
2005: 50 m.kr.
2006: 338 m.kr.
Útboð í desember 2005
Verklök: 1. ágúst 2007
Verktakar; Klæðning ehf. og Glaumur, verktakafélag ehf.



Suðvestursvæði



Varnargarðar vestan Skeiðarár

Í síðasta tölublaði Framkvæmdafréttar var auglýst útbod á gerð varnargarða vestan Skeiðarár. Skila skal tilboðum 5. desember. Hér á eftir lýsir Helgi Jónannesson ástæðu þessarar framkvæmdar í stuttu máli.

Á undanförunum árum hefur rennsli Skeiðarár breyst þannig að minna vatn en áður kemur niður austanverðan farveg árinna og meira vatn kemur niður miðjan farveginn og niður með garðakerfinu vestan árinna. Ástæðan fyrir þessari breytingu á rennslinu er hop Skeiðarárjökuls.

Vegagerðin hyggst bregðast við þessari þróun með því að auka og styrkja grjótvarnir garðakerfisins vestan Skeiðarár. Verkið felst í hækkun og styrkingu á samtals 2.200 m

lögum varnargarði og gerð á 200 m löngum nýjum varnargarði. Hætt er við því að þetta verði ekki í síðasta sinn sem breyting verður á rennsli vatnsfalla á Skeiðarársandi.

Almennt er þróunin sú að þegar jöklar hopa þá kemur gjarnan í ljós lægð bak við jökulöldurnar. Vatn safnast þá að því útfalli sem er í lægstum hæðarkóta út úr lægðunum sem á Skeiðarársandi er Gígjukvísl. Sé litið til langrar framtíðar á Skeiðarársandi má því búst við að vatn minnki í Skeiðará og Súlu en aukist í Gígjukvísl. Vel má hugsa sér að þróunin á Skeiðarársandi verði sú sama og á Breiðamerkursandi þ.e. að stórt lón myndist framan við jökuljaðarinn og frá lóninu streymi eitt vatnsfall sem á Skeiðarársandi yrði Gígjukvísl en á Breiðamerkursandi er það Jökulsá.



Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár	
06-005 Hringvegur (1) um Vatnsdalsá	07	
06-073 Drangsnvegur (645), Strandavegur - Drangsn	07	
06-031 Hringvegur (1), Borgarnes, vistgata	07	
06-029 Skorradalsvegur (508), Grund - Hvammur	07	
06-027 Snæfellsnesvegur (54) um Hítará	07	
06-028 Tröllatunguvegur (605), Vestfjarðavegur - Djúpvegur	07	
06-026 Skagafjarðarvegur (752), slitlagsendi - Lýtingsstaðir	07	
06-004 Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið	07	
06-006 Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell	07	
06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss	07	
06-072 Seyðisfjarðarvegur (93) um Miðhúsaá	07	
06-017 Hringvegur (1) um Hrutafjarðarbotn	07	
Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
06-030 Útnesvegur (574), Háahraun - Saxhóll	04.12.06	19.12.06
06-074 Hringvegur (1), varnargarðar vestan Skeiðarár	20.11.06	05.12.06
06-023 Blöndudalsvegur (733), Svínvetningabraut - Blöndudalshólar	23.10.06	07.11.06
06-024 Djúpvegur (61), Reykjanes - Hörtná	30.10.06	12.12.06
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
06-048 Vestfjarðavegur (60), Skálanes - Eyri	06.11.06	28.11.06
06-023 Blöndudalsvegur (733)	23.10.06	07.11.06
05-047 Hringvegur (1), Ármótasel - Skjöldólsstaðir 2	09.10.06	31.10.06
06-071 Veigastaðavegur (828), Hringvegur - Eyjafjarðarbraut eystri	09.10.06	24.10.06

Samningum lokið	Opnað:	Samið:
06-015 Ferjubakkavegur (530) um Gufá Borgarvirki ehf.	31.10.06	14.11.06
06-022 Uxahryggjavegur (52), Kaldadalsvegur - Sandkluftavatn Borgarvirki ehf.	31.10.06	17.11.06
05-038 Garðskagavegur (45) um Sandgerði Nesprýði ehf.	11.07.06	28.11.06

Niðurstöður útboða

Vestfjarðavegur (60), Skálanes - Eyri 06-048

Tilboð opnuð 28. nóvember 2006. Endurbýgging 9,2 km Vestfjarðavegar (60), frá Kúalág vestan Skálaness að Eyrará í Kollafirði í Gufudalssveit. Um er að ræða 7,5 m breiðan veg með klæðingu.

Helstu magntölur eru:

Bergskering	32.000 m ³
Fylling og fláafleygar	170.000 m ³
Neðra burðarlag	40.000 m ³
Efra burðarlag	16.000 m ³
Klæðing	68.000 m ²
Frágangur fláa	200.000 m ²

Verkinu skal að fullu lokið fyrir 1. nóvember 2008.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (bús.kr.)
6	Hagtak hf.	288.815.000	118,6	111.179
5	Skagfirskir verktakar	254.000.000	104,3	76.364
4	Klæðning ehf.	250.000.000	102,6	72.364
---	Áætlaður verktakakostnaður	243.593.700	100,0	65.957
3	Háfell ehf.	224.213.000	92,0	46.577
2	Vélgrafan ehf. og Borgarvirki ehf.	187.035.800	76,8	9.399
1	K.N.H. ehf.	177.636.363	72,9	0



Í opnu blaðsins er birt yfirlit framkvæmda á Suðvestursvæði 2006. Myndin sýnir framkvæmdir við vegamót Suðurlandsvegar og Vesturlandsvegar sl. sumar